

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Hólavað 29-43.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 19. ágúst 2015, breytingu á deiliskipulagi Norðlingaholts vegna lóðarinnar nr. 29-43 við Hólavað. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit og hækkun á nýtingarhlutfalli. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Kvistaland 10-16.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 14. ágúst 2015 breytingu á deiliskipulagi Fossvogshverfis, svæði 3, vegna lóðarinnar nr. 10-16 við Kvistaland vegna húss nr. 12. Í breytingunni felst færsla á byggingarreit um tvo metra til norðvesturs. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 21. ágúst 2015.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 4. september 2015